

Skáld í skólum

Bókmenntadagskrár fyrir börn og unglinga



Skáld í skólum 2026

Skáld í skólum 2026

Hvippurinn og hvappurinn

Söguefni koma héðan og þaðan úr náttúrunni og umhverfinu. Pollur í garði eða fluga í hrossaskít geta orðið að sögu. En sögurnar birtast ekki allar sem stafir á bók. Sumar verða að myndum og aðrar að ljóðum, söng eða leikriti. Dagskrá **Hjörleifs** og **Ránar** er einmitt dæmi um fjölbreytileika bókmenntanna. Hún samanstendur af sex sögum sem sagðar eru með ólíkum hætti: í myndum, töluðu máli, myndasögu, ljóði, söng og gítarslætti. Rithöfundar eru nefnilega ekki skrifstofufólk sem situr allan daginn við að skálda sögur og ljóð í tölvu. Hjörleifur og Rán koma til dæmis úr ólíkum áttum og eru með bakgrunn í ýmsum listformum, en duttlungar örlaganna leiddu þau saman og allt í einu voru þau farin að búa til sögur, bæði saman og sitt í hvoru lagi.

Hjörleifur Hjartarson hefur starfað jöfnum höndum við ritstörf, tónlist og sviðslistir til margra ára. Eftir hann liggur fjöldi leikrita sem notið hafa mikilla vinsælda og uppskorið Grímuverðlaun og tilnefningar í stórum stíl en einnig bækur í bundnu og óbundnu máli auk styttri verka, sönglaga, sýningartexta og hvers kyns afurða í tali og tónum.

Rán Flygenring er rit- og myndhöfundur. Hún hefur myndlýst fjölda bóka, bæði á Íslandi og Þýskalandi, og skrifað sínar eigin bækur. Verk Ránar eru þekkt fyrir óvenjulegan og líflegan teiknistíl, hómor og þælingar um dýr og náttúru. Rán býr og starfar í Reykjavík en heldur reglulega erindi og vinnustofur um allar köppagrundir, bæði innan landsteinanna og utan.

Dagskráin hentar best **1. – 4. bekk.**

Kortleggjum bækur!

Það er gaman að týna sér í góðri bók en ekki síður mikilvægt að rata rétta leið. Þá er gott að hafa kort við höndina. Rithöfundahjónin **Yrsa Pöll** og **Gunnar Theodór** lesa og skrifa ólíkar bækur, en þau eru miklir áhugamenn um kort. Þau fara með nemendur í ferðalag um söguheima þar sem finna má alls kyns ólík kort: af heimum, löndum, borgum, bæjum og allt niður í bakgarða sögupersóna. Sum kort eru bráðnauðsynleg, önnur til gamans, sum eru flókin, önnur furðuleg eða jafnvel fyndin. Yrsa og Gunnar munu sýna kort úr ólíkum barnabókum og spjalla um það hvernig kort geta verið góður undirbúningur fyrir höfunda til að búa til sögur og skapa nýja heima.

Gunnar Theodór Eggertsson hefur skrifað bækur fyrir börn, ungmenni og fullorðna. Hann hlaut Íslensku barnabóka-verðlaunin fyrir *Steindýrin* (2008) og var tilnefndur til Íslensku bókmenntaverðlaunanna fyrir *Drauga-Dísu* (2015). Hann skrifaði einnig þrileikinn *Furðufjall* (2021-23) og hrollvekjuna *Álfareiðina* (2025) en nýjasta bók hans er *Matargatið* (2026), unnin í samstarfi við myndhöfundinn Linn Janssen.

Yrsa Pöll Gylfadóttir hefur skrifað bæði skáldsögur og barnabækur og er hvað þekktust fyrir léttlestrarbókaflokkinn *Bekkurinn minn*, ásamt myndhöfundinum Lúnni Örnú. Í fyrra skrifuðu Yrsa og Gunnar sína fyrstu bók saman, *Jólabókaorminn* (2025), sem myndlýst var af Hafsteini Hafsteinssyni. Nú í ár kemur svo út fyrsta kaflabók Yrsu fyrir eldri börn og unglinga, *Allt í rugli*.

Dagskráin hentar best **5. – 7. bekk.**

2026



Skáld í skólum 2026

Var allt drepleiðinlegt í gamla daga?

Var ekkert um að vera í gamla daga og unga fólkið alltaf til fyrirmyndar? Var engin manneskja sjúklega svöl? Sat fólk bara í ljótum fötum með súrmat í aski, hlustaði á fornsögur og þrjónaði ullarsokka? Var lífið bara rollugrátt, illa lyktandi og vont á bragðið? Eða hafa unglingar kannski alltaf verið húðlatir og til vandræða? Hvernig vitum við hvað unglingar gerðu sér til skemmtunar fyrir hundrað árum eða tvö hundruð árum? Hvar finnum við skrautlegu karakterana og skrátnu sögurnar og hvernig lífgum við þær við?

Brynhildur Þórarinsdóttir hefur sent frá sér fjölda barna- og ungmennabóka og gert alls konar kennsluefni. Nýjustu bækur hennar eru *Smáralindar-Móri*, *Ungfrú fótbolti* og *Silfurgengið* sem allar eru í flokki ungmennabóka. Hún fékk Íslensku barnabókaverðlaunin fyrir *Leyndardóm ljónsins*, Norrænu barnabókaverðlaunin fyrir endursagnir *Íslendingasagna* fyrir börn og nú síðast Fjöruverðlaunin fyrir *Silfurgengið*. Brynhildur hefur sérstaklega gaman af grúski og gramsi, menningarmatreiðslu og fróðleikssmygli.

Pórdís Gísladóttir hefur sent frá sér tugi frumsaminna og þýddra verka og skrifar fyrir alla aldurshópa. Hún hefur skrifað ljóðabækur, skáldsögu, smásögur, barna- og ungmennabækur og kennslubækur. Hún hefur gert útvarpsþætti og skrifað bækur um samtímaunglinga í samstarfi við Hildi Knútsdóttur. Pórdís hlaut Fjöruverðlaunin fyrir *Randalín og Munda*, þrjár tilnefningar til Íslensku bókmenntaverðlaunanna og ljóðabókin *Aðlögun* hlaut Maístjörnuna 2025. Pórdís elskar gömul leyndarmál og slúður úr fortíðinni.

Dagskráin hentar best **8. – 10. bekk.**

Skáld í skólum – um land allt!

Höfundamiðstöð RSÍ greiðir ferðir, gistingu og uppihald höfunda. Skólar greiða einungis fyrir flutning á dagskrá. Til þess að ferðir nýtist sem best þurfa skólar á svæðinu að hafa samráð um pantanir.

Lágmarksfjöldi heimsókna í ferð er 4 bókanir.

Verð og tímalengd

Tímalengd: **Ein kennslustund / 40 mínútur.**

Tækjakostur: **Hljóðkerfi með 2 hljóðnemum og tölvu með skjávarpa sem skólar verða að hafa til reiðu.**

Verð: **50.000 kr.**

Hámarksfjöldi nemenda: **100 á yngsta stigi en 150 á mið- og unglingastigi.**

Tímabil og pantanir

Tímabil: **15. október – 16. nóvember 2026.**

Að auki er hægt að panta dagskrár á öðrum tímum að höfðu samkomulagi við höfundana.

Frestur til að panta dagskrár er til **9. október 2026.**

Athugið að mikilvægt er að panta sem fyrst þar sem dagskrár geta verið fullbókaðar á tímabilinu.

Allar pantanir berist á **salka@rsi.is**

Upplýsingar í **síma 568 3190** og á **heimasíðu RSÍ.**



Bókmenntadagskrár Höfundamiðstöðvar RSÍ, **Skáld í skólum**, hafa verið fastur liður í hauststarfi grunnskólanna síðan 2006. Dagskrárnar eru metnaðarfullar og fræðandi, höfundar koma í heimsókn til að tala um bækur og lestur, sköpun og skrif, ævintýri sögupersóna jafnt sem skapara þeirra og síðast en ekki síst til að smita nemendur af lestrar- og sköpunargleði.

Í ár munu sex höfundar heimsækja grunnskóla og fara í ævintýraleiðangur með nemendum og kennurum um veröld bókmenntanna. Dagskrárnar fjalla um allt sem hægt er að skrifa um; fólk og furður, ókönnuð lönd, grúsk og gruff!

Dagskrárnar hafa fyrir löngu sannað sig sem ómissandi þáttur í kynningu nútímabókmennta í grunnskólum landsins, en um 90 ólíkar dagskrár hafa orðið til undir formerkjum þessa vinsæla verkefnis.

rsi.is